

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
**Skúlagötu 4**  
**101 Reykjavík**

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 28. maí 2020

**Umsögn Landverndar um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, mál nr. 100/2020 í samráðsgátt.**

Stjórn Landverndar telur að setja þurfi vandaðar og skýrar reglur um eldi á fiskum til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum á umhverfi og dýralíf. Frekari breytingar á núverandi reglum eiga að stefna í þessa átt. Breytingar í gagnstæða átt mega ekki eiga sér stað.

Minna má á að aðalfundur Landverndar hefur hvatt til þess að sjókvíaeldi með frjóum löxum verði bannað við strendur Íslands<sup>1</sup>. Um mikilvægt náttúru- og dýraverndunarmál er að ræða en einnig hafa komið í ljós brestir í stjórnsýslu tengdri fiskeldi sem fara þarf yfir<sup>2</sup>.

Nú boðar ráðherra breytingar á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Breytingin sem boðuð er afar varhugaverð og skortir mjög á sjáanleg rök fyrir að hækka mörk fyrir fjölda laxalúsa í laxeldi sem tilkynna þarf til eftirlitsaðila.

Laxalús getur verið mjög skaðleg fyrir vilta laxfiska og því er það ekki einkamál sjókvíaeldisaðila þegar laxafaraldur blossar upp. Landvernd sér ekki ástæðu til þess að hafa tilkynningaskyld mörk fyrir laxalús margfalt hærrí hér á landi en í til dæmis Noregi. Frekar ætti Ísland að sýna gott fordæmi og fylgja frændþjóðum sem besta gera í þessu efni. Þá er ekki rökstutt hvers vegna tvær mælingar í röð þurfi að sýna sömu niðurstöðu til þess að tilkynna þurfi um laxalúsafaraldur til Matvælastofnunar.

Þá telur Landvernd mikil áhersla á „innra eftirlit“, það er að mengunarvaldur hafi sjálfur eftirlit með sinni eigin mengun, sé afar varhugaverð. Betra væri að styrkja Matvælastofnun til þess að hún hafi bolmagn

<sup>1</sup> <https://landvernd.is/bann-gegn-raektun-frjos-eldislax-i-sjo/>

<sup>2</sup> <https://landvernd.is/bref-til-radherra-um-akvordun-esa-vegna-brota-islenska-rikisins-a-ees-reglum-um-umhverfismat/>



til að sinna eftirliti með fiskeldisfyrirtækjum þar sem möguleg neikvæð áhrif af þeirra starfsemi er umtalsverð, og með góðu eftirlit er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum og slyshættu. Landvernd hvetur ábyrgan ráðherra til að draga tillöguna til baka.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri